

**192. fundur íþróttá- og tómstundanevndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 9. janúar 2019 og
hófst hann kl. 08:10.**

Fundinn sátu:

Elisabet Samúelsdóttir formaður, Sif Huld Albertsdóttir varaformaður, Aron Guðmundsson aðalmaður, Karen Gísladóttir aðalmaður og Anton Helgi Guðjónsson aðalmaður.

Embættismenn:

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Fundargerð ritaði: Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Framkvæmdarstjóri HSV Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sat einnig fundinn.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti íþróttá- og tómstundanevndar - 2014030027

Lagður fram verkefnalisti íþróttá- og tómstundanevndar.

Lagður fram til kynningar verkefnalisti íþróttá- og tómstundanevndar.

2. Fjárhagsáætlun 2019 - 2018030083

Lögð fram gjaldskrá íþróttamannvirkja Ísafjarðarbæjar 2019 og samantekt svæðisstjóra á gjaldskrá annarra skíðasvæða.

Nefndin felur starfsmönnum að vinna breyttar tillögur að gjaldskrá skíðasvæðisins í samræmi við umræður á fundinum og leggja fram á næsta fundi.

Gestir

Hlynur Kristinsson - 08:10

3. Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar - framtíðarsýn og tækjakostur - 2018120078

Forstöðumaður skíðasvæðis mætti til fundar og fór yfir hugmyndir hvað umfang snjótroðara verði næstu ár.

Nefndin þakkar fyrir góða kynningu.

4. Frístundarúta - 2016090101

Lögð fram uppfærð drög að reglum um akstursstyrk til foreldra barna vegna íþróttá- og tómstundaiðkunar.

Frestað til næsta fundar.

Gestir

Hlynur Kristinsson - 09:27

5. Uppbyggingasamningar 2019 - 2018080049

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs þar sem farið er yfir þær

beiðnir um uppbyggingasamninga sem fyrir liggja. Jafnframt eru lagðar fram beiðnir íþróttafélaganna og fylgigögn sem fylgdu umsóknunum.

Í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2019 sem samþykkt var í desember 2018, var sú fjárhæð sem verið hefur í uppbyggingasamningum lækkuð úr tólf milljónum í sex milljónir. Nú þegar hefur þremur milljónum verið ráðstafað með eldri samningi. Nefndin leggur til við bæjarstjórn að gerðir verði uppbyggingasamningar við þau fjögur félög sem óskað hafa eftir samningum og hvert félag fái kr. 1.000.000 til eins árs og upphæð til uppbyggingasamninga verði kr. 7.000.000 í stað kr. 6.000.000.

6. Atvinnuþátttaka ungs afreksfólks í Ísafjarðarbæ - 2018120079

Lagt fram erindi frá HSV þar sem óskað er eftir aðkomu sveitarfélagsins að atvinnuúrræði fyrir afreksíþróttafólk.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að komið verði til móts við ungt afreksfólk í sveitarfélaginu, sem starfa hjá sveitarfélaginu, þannig að þau verði ekki fyrir tekjutapi vegna þátttöku sinnar í landsliðsverkefnum.

7. Endurskoðun á reglum um íþróttamann Ísafjarðarbæjar - 2018120077

Lagðar fram reglur um val á íþróttarmanni ársins í Ísafjarðarbæ.

Frestað til næsta fundar.

8. Endurskoðun íþróttá- og tómstundastefnu haust 2016 - 2016110023

Unnið að flokkun niðurstaðna af íbúáþingum vegna endurskoðunar á íþróttá- og tómstundastefnu sveitarfélagsins.

Frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00

Elísabet Samúelsdóttir

Sif Huld Albertsdóttir

Aron Guðmundsson

Karen Gísladóttir

Anton Helgi Guðjónsson

Margrét Halldórsdóttir